

Nr. 43/1912.

Einar M. Jónasson
 gegn
 Birni Kristjánssyni og
 Birni Sigurðssyni banka-
 stjórum f. h. Landsbankans
 og Jóni Magnússyni
 bæjarfógeta.

D ó m u r :

Afrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu dags. 5. okt. f. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 25. apríl f. á. í máli, er hann höfðaði gegn hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans til greiðslu á skaðabótum, kr. 65000.00 með 6% vöxtum fyrir atvinnutjón, lánstraustspjöll o. fl., en með hinum áfrýjaða dómi voru stefndu sýknaðir, og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim 25 kr. í málskostnað og sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 5 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur og 5 kr. í landsjóð. Fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og honum breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Þá hefir áfrýjandi og stefnt undirdómáranum, Jóni bæjarfógeta Magnússyni, til ábyrgðar »fyrir ranglega uppkveðinn dóm, sekta og skaðabóta með sérstöku tilliti til réttarneitunar, er felst í hinum uppkveðna dómi«. Fyrir hönd stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum, og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Þess er enn-

fremur krafist, að hann verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um stefndu í sóknarskjali hér fyrir réttinum, og ummælin dæmd dauð og ómerk. Af hálfu undirdómarans er krafist fullrar sýknunar af kærum og kröfum áfryjanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati yfirdómsins.

Fyrgreinda skaðabótakröfu, kr. 65000.00, hefir áfryjandi sundurliðað þannig:

1. Fyrir atvinnutjón við bændaverzlunina Einar Markússon & Co. og sviksamlegrar athafnir stefndu út af víxli Björns Gíslasonar kr. 10.000.00
2. Fyrir atvinnuróg og fyrir það að vera sviftur viðskiftum við bankann . . — 30.000.00
3. Fyrir aðra sviksemi stefndu út af víxlum áfryjanda, fjárnámi og tjóni, er sérstaklega stafar af því — 25.000.00

og rökstutt þessa kröfu sem hér segir:

1. Hafi stefndu ranglega neitað að greiða áfryjanda kaup, er honum bar fyrir störf, er hann í umboði Landsbankans hafði á hendi til að ná inn skuldum bændaverzluninnar Einar Markússon & Co. til bankans, bæði með því að ráðstafa eignum verzlunarinnar og innheimta útistandandi skuldir hennar; hafi stefndu neytt sig til að lögsækja þá út af þessu, og síðan heimildarlaust afturkallað áðurgreint umboð, og þannig svift sig góðri atvinnu, er hann hefði talið sér vísa. Þá hafi stefndu og svikið loforð sín í sambandi við lánveitingu til Björns nokkurs Gíslasonar, og með því orðið þess valdandi, að áfryjandi tapaði 1600 kr.; þeir hafi veitt Birni 3000 kr. lán og lofað að taka að veði fyrir láninu meðal annars mótorbát, er Björn átti, þannig að 1600 kr. af láninu væri haldið eftir, þangað til báturinn væri veðsettur bankanum, en að því búnu

skyldi þessi upphæð ganga til innlausnar 1600 kr. víxli, er áfrýjandi átti að svara til í bankanum, en þegar til kom, hafi stefndu svikið þetta loforð, hafnað veði í mótorbátnum og látið áminstar 1600 kr. ganga aftur inn í bankann, svo að víxillinn hafi fallið á áfrýjanda.

2. Hafi stefndu beitt sig atvinnurógi með því að afturkalla umboð áfrýjanda, sem fyr segir, í opinberu blaði með auglýsingu, er þeir kölluðu »Viðvörðun«, en þetta hafi stórspilt fyrir lánstrausti áfrýjanda og álit og jafnframt mannorði, svo að allir hafi hætt að leita til hans, menn hafi sagt honum upp lánnum og ábyrgð, orð hans verið talin einskisvirði; auk þess hafi stefndu að ástæðulausu svift hann öllum viðskiftum við bankann og brugðið loforð sín um lán til manna, er áfrýjandi var umboðsmaður fyrir við lántökuna.

3. Aðra sviksemi af hendi stefndu telur áfrýjandi það, að þeir hafi hent dóm yfir sér og látið gera fjárnám hjá sér fyrir ýmsum víxilupphæðum, án þess að hafa ástæðu né heimild til þess. Um einn af þessum víxlum hafi stefndu losað, að hann mætti biða, þangað til endir yrði á ágreiningi um launakröfu áfrýjanda til bankans; en brugðið þetta loforð; fyrir öðrum víxli hafi verið til tryggingar sparisjóðsinnstæða, er stefndu hafi haft umráð yfir; fyrir 2 víxlum hafi áfrýjandi gefið stefndu ávísun á fé, er handbært var í bankanum og borgað þangað inn til áfrýjanda, og 2 víxla hafi áfrýjandi viljað borga með tryggu skuldabréfi, er skömmu síðar var innleyst, en stefndu hafi hafnað því, til að gera sér tjón.

Fyrir allar þessar aðfarir stefndu tjáist áfrýjandi hata orðið fyrir stórtjóni á eignum og atvinnu og lánstrausts-

hnekki, og telur hann því að skaðabætur þær, er hann krefst í máli þessu, eigi ósanngjarnar eða um skör fram.

Allri þessari skýrslu áfrýjanda og einstökum atriðum hennar hafa stefndu eindregið mótmælt, svo og kröfum þeim, er hann byggir á henni. Þeir halda því fram, að framburður hans um viðskifti hans við bankann sé ýmist staðlaus tilbúningur og rangfærslur eða misskilningur, og að mörg af sakaratriðum þeim, er áfrýjandi telur, séu þegar til lykta leidd með óvefengdum dómum. Sérstaklega neita þeir því, að þeir hafi bakað áfrýjanda nokkurt fjártjón eða álitshnekki, þannig að hann geti haft á hendur þeim neina skaðabótakröfu.

Gegn þessum mótmælum stefndu hefir áfrýjanda eigi tekist að leiða rök að því, að viðskifti þeirra við hann, þau er hér ræðir um, eigi að varða þá skaðbótaábyrgð, og skal í því efni þetta athugað:

Áfrýjandi hefir, eins og fyr segir, getið þess, að hann hafi lögsótt stefndu, til að greiða sér kaup fyrir störf sín í umboði bankans við ráðstöfun á eignum bændaverzlunarinnar Einar Markússon & Co., og hann hefir lagt fram landsyfirrættardóm í því máli, uppkveðinn 10. júlí 1911, en með þeim dómi, sem eigi hefir verið áfrýjað, voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjanda, og er þá ljóst, að þær kröfur geta eigi komið hér til álita, og að áfrýjandi getur eigi byggt skaðabótarétt á því, að stefndu hafi ranglega neitað að greiða honum kaup. Svo er og um það, að stefndu hafi heimildarlaust afturkallað nefnt umboð, en það byggir áfrýjandi á því, að bændaverzlunin hafi fengið bankanum óafturkallanlegt allsherjarumboð til að ráðstafa eignum verzlunarinnar, og bankinn síðan framselt áfrýjanda umboð þetta. En í

framsalinu er ekkert um það, að umboðið verði eigi tekið aftur frá áfryjandi, og að öðru leyti er ekkert, sem geri það eðlilegt eða sennilegt, að bankastjórnin hafi viljað festa umboðið órjúfanlega í höndum áfryjanda. Það var því stefndu ábyrgðarlaust, að taka aftur umboðið, og áfryjandi getur eigi út af því krafist bóta fyrir atvinnumissi, og það því síður, sem hann þá var hættur að starfa samkvæmt umboðinu og orðinn ósáttur við stefndu um það, svo að hann virðist ekki hafa getað gert sér neina von um að halda þeirri atvinnu. Það á eigi heldur við rök að styðjast, að stefndu hafi svikið loforð sitt um að taka áminstan mótorbát að veði fyrir láni Björns Gíslasonar, með því að loforðið var veitt með því skilyrði, að báturinn væri virtur og váttrygður fyrir tiltekna upphæð, en því skilyrði var eigi fullnægt, og var stefndu þá heimilt, eins og þeir gerðu, að færa lánið niður um þá upphæð, er báturinn átti að tryggja, ef hann hefði verið veðsettur, eins og áskilið var.

Að stefndu hafi beitt atvinnurógi við áfryjanda, byggir hann á því, að þeir hafi viðhaft orðið »Viðvörun« sem fyrirsögn á auglýsingu þeirra í blaðinu Ísafold um afturköllun umboðsins; leggur stefndu þann skilning í þetta orð, að með því hafi stefndu viljað aðvara almenning um að eiga engin viðskifti við áfryjanda, og gefa í skyn, að hann væri óáreiðanlegur eða jafnvel óvandaður maður, er stæði í óbættum sökum við bankann. En fyrir þessum skilningi er engin heimild í auglýsingunni; efni hennar sýnir það, að þar er að eins átt við umboð áfryjanda til að annast réttindi bankans gagnvart bændaverzluninni og viðskiftamönnum hennar, en alls ekki önnur störf eða viðskifti áfryjanda, og þar sem áfryjandi, eftir að stefndu

höfðu tilkynt honum afturköllun umboðsins, hélt fyrir þeim í heimildarleysi plöggum þeim, er umboðinu fylgdu, verður eigi séð, að honum hafi verið óréttur ger með téðri auglýsingu. Hið annað, er áfryjandi telur atvinnurög, á eigi heldur við neitt að styðjast. Það var eigi óeðlilegt og hinum stefndu að sjálfsögðu heimilt að draga úr eða hætta viðskiftum við áfryjanda eftir að svo var komið, að þeir þóttust þurfa að beita lögsókn til að ná fé bankans hjá honum, og af dæminu, sem áfryjandi tilfærir um að stefndu hafi prettast um að veita lofuð lán, verður það eitt séð, að ástæðan fyrir synjuninni var sú, að eigna- og veðbókavottorð var ófullkomið. Á þessum kæruatriðum getur áfryjandi því engar kröfur bygt.

Áfryjandi hefir, eins og hann skýrir frá, verið dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til að greiða Landsbankanum ymsar víxilupphæðir, og hafa stefndu látið gjöra fjárnám hjá honum samkvæmt dómunum. Í víxilmálum þessum áskildi áfryjandi sér, ef sýknunarástæður hans yrðu eigi teknar til greina, að koma fram skaðabótaábyrgð á hendur stefndu fyrir ólöglegar víxiladfarir þeirra. Hefir hann nú fyrir yfirdóminum tilgreint hinar sömu ástæður, er eigi þóttu sannaðar fyrir bæjarþinginu og taldar eru hér að framan, fyrir því, að allur málarekstur stefndu út af téðum víxlum hafi verið lögleysa og ástæðulaus ofsókn gegn sér. En áfryjanda hefir eigi heldur í þessu máli tekist að sýna fram á, að hann hafi verið beittur ólögum í víxilmálum þessum, eða að stefndu hafi eigi haft fullan rétt til að ganga að honum um víxilupphæðirnar. Að vísu hafði talast svo til milli áfryjenda og stefndu, að einn af þessum víxlum hans skyldi greiðast með kaupum áfryjanda fyrir störf hans í þarfir bankans, en þegar

víxillinn kom í eindaga, var áfrýjandi hættur að starfa fyrir bankann og hann átti þá, að álitu stefndu, er síðar var staðfest með fyrgreindum landsyfirréttardómi, ekkert eftir af kaupum sínum hjá bankanum. Verður því eigi litið svo á, að hér sé um heitrof af hálfu stefndu að ræða. Stefndu kannast eigi við, að þeir hafi haft neina sparisjóðsinnstæðu til umráða til innlausnar víxli frá áfrýjanda, eða að áfrýjandi hafi átt neitt fé í bankanum, er hann gæti ávísað til lúkningar víxlum, og áfrýjandi hefir eigi sannað, að svo hafi verið. Um 2 víxla, er áfrýjandi tjáist hafa viljað greiða með tryggu skuldabréfi, en stefndu hafnað því, athugast það, að eigi var skylt að taka þannig lagaða borgun á víxli, enda kveðast stefndu eigi hafa álituð trygginguna nægilega til að breyta víxilláni í veðlán.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, hefir áfrýjandi eigi sannað neinar þær sakir á hendur stefndu, er þeim fyrir hönd Landsbankans beri að greiða skaðabætur fyrir, og verður því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Yfirdómurinn fellst einnig á ákvæði hins áfrýjanda dóms um nálskostnað og sekt fyrir ósæmilegan rithátt, og ber því að staðfesta dóminn í öllum greinum. Svo verður og áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 krónur.

Það þykir eigi næg ástæða til að láta ummæli í sóknarskjali áfrýjanda um stefndu, er sérstaklega hafa verið átalín, varða sekt og ómerkingu, með því að í hinum átöldu ummælum liggur eigi annað en það, sem áfrýjandi hefir haldið fram í allri málfærslu sinni og byggt á kröfur sínar, að stefndu hafi í mörgum greinum gengið á orð sín, heit og gerðir við hann.

Fyrir kröfum sínum á hendur undirdómaranum hefir

áfrýjandi engar ástæður fært, er til álita geti komið, og ber því að sýkna undirdómarann og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað, er ákveðst 20 krónur.

D v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði stefndu, Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni bankastjórur fyrir hönd Landsbankans 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómarinn, Jón Magnússon, bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, og ber áfrýjanda, að greiða honum 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 2/1913.

Réttvísín

gegn

Vilhjálmí Chr. Hákonarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var af réttvísinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærða kaupmanni í Keflavík Vilhjálmi Chr. (Kristni) Hákonarsyni fyrir sviksamlegt athæfi í sambandi við elds-